



**Lýðræðisleg þátttaka barna**  
**Leiðir til að auka áhrif barna í daglegu starfi leikskóla**

**Aldís Baldvinsdóttir**

**Salbjörg Ósk Reynisdóttir**

Lokaverkefni til B.Ed-prófs  
Háskóli Íslands  
Menntavísindasvið



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Lýðræðisleg þátttaka barna**  
***Leiðir til að auka áhrif barna í daglegu starfi leikskóla***

Aldís Baldvinsdóttir

Salbjörg Ósk Reynisdóttir

Lokaverkefni til B.Ed-prófs í leikskólakennarafræði  
Leiðsögu kennari: Bryndís Garðarsdóttir, lektor.

Kennaradeild  
Menntavísindasvið Háskóla Íslands  
Júní 2011

Lýðræðisleg þátttaka barna.

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed-prófs við Kennaradeild,  
Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

© 2011 Aldís Baldvinsdóttir og Salbjörg Ósk Reynisdóttir.  
Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Bóksala kennaranema.  
Reykjavík, Ísland 2011.

## Ágrip

Lokaverkefnið fjallar um möguleika barna til að móta umhverfi sitt. Markmið verkefnisins er að útbúa leiðbeiningar fyrir leikskólakennara, byggt á fræðilegum grunni, sem nýtast í daglegu starfi leikskóla til að efla lýðræðisvitund barna. Leitað er svara við grundvallarspurningum sem eru undirliggjandi í hverjum kafla, er varða viðhorf til barna og þróun lýðræðislegs leikskólastarfs. Rýnt er í rannsóknir og aðferðir sem hefur verið beitt til að bæta möguleika leikskólabarna til aukinna áhrifa og mótunar umhverfis síns, þar má helst nefna Reggio Emilia og fjallað er um hlutverk leikskólakennarans í eflingu lýðræðislegrar þátttöku barna. Í seinni hluta verkefnisins er unnið út frá þeim grunni sem byggður var í fræðilega hlutanum og gefnar eru leiðbeiningar til hjálpar leikskólakennurum að styrkja lýðræðislega þátttöku barna í leikskólastarfi. Helsta niðurstaða verkefnisins er staðfesting á mikilvægi þess að börn fái að hafa áhrif á og móta umhverfi sitt.

## Efnisyfirlit

|  |    |
|--|----|
| Ágrip.....   | 4  |
| Inngangur.....                                     | 6  |
| 1. Sýn á börn.....                                 | 7  |
| 1.1 Reggio Emilia .....                            | 9  |
| 2. Lýðræðislegur leikskóli .....                   | 10 |
| 2.1 Lýðræði.....                                   | 12 |
| 2.2 Sjálfræði.....                                 | 13 |
| 3. Að nálgast sjónarhorn barna.....                | 14 |
| 3.1 Hlutverk leikskólakennara .....                | 17 |
| 3.2 Skráningar .....                               | 19 |
| 3.3 Mósaík aðferð .....                            | 21 |
| 4. Samantekt og umræða .....                       | 22 |
| 5. Leiðir til að efla þátttöku leikskólabarna..... | 23 |
| 5.1 Samskipti við börn.....                        | 24 |
| 5.2 Leikur.....                                    | 25 |
| 5.3 Matartímar .....                               | 25 |
| 5.4 Útivera .....                                  | 26 |
| 5.5 Hreinlæti .....                                | 26 |
| 5.6 Frágangur .....                                | 27 |
| 5.7 Fataklefinn .....                              | 27 |
| 5.8 Samvera .....                                  | 27 |
| 5.9 Hópastarf.....                                 | 28 |
| 5.10 Lausn ágreinings .....                        | 29 |
| 5.11 Tillögur að hópleikjum .....                  | 29 |
| Nafnaleikurinn .....                               | 29 |
| Tilfinningar.....                                  | 30 |
| Tréstafurinn sem talar.....                        | 31 |
| Sirkusstjórinn.....                                | 32 |
| Puttalingurinn .....                               | 32 |
| Sérfræðingurinn .....                              | 33 |
| Lokaorð og umræða.....                             | 33 |
| Heimildaskrá.....                                  | 35 |

## Inngangur

Á undanförnum árum hefur umræða innan uppeldis- og menntunarfræði ungra barna snúist að því að færa börnum sterkari raddir og almennt viðurkennt að börn skuli taka þátt í ákvörðunum sem hafa áhrif á umhverfi þeirra. Þessi breyting birtist meðal annars í nýjum drögum að Aðalnámskrá leikskóla þar sem lýðræði er skilgreint sem einn af grunnþáttum menntunar. Því er nauðsynlegt að uppalendur séu vakandi fyrir því að efla sjálfsmynd barnanna og frumkvæði og auðvelda þeim þannig að verða ábyrgir einstaklingar í lýðræðisþjóðfélagi.

Höfundar ritgerðarinnar hafa báðir unnið í leikskólum og orðið varir við að leikskólabörn fá oft ekki tækifæri til að vera virkir þátttakendur í ákvörðunum sem varða þau sjálf. Áhugi höfunda beinist að því hvernig við sem leikskólakennarar getum eflt áhrif leikskólabarna í daglegu starfi leikskólans. Kveikjan að verkefninu var sú, að höfundar vildu undirbúa sig fyrir starf með börnum sem bíður að námi loknu, ásamt því að gefa öðrum leikskólakennurum og starfsfólki leikskólans kost á að finna leiðir til að efla áhrif leikskólabarna.

Þessi lokaritgerð í leikskólafræði fjallar um hvernig auka má möguleika barna til að hafa áhrif og taka þátt í ákvörðunum er varða daglegt líf í leikskóla og hvaða leiðir eru færar í þeim efnum. Að okkar mati er þessi þáttur leikskólauppeldis mjög mikilvægur til að gera börnin að sterkari og hæfari einstaklingum. Markmið verkefnisins er að útbúa leiðbeiningar sem geta nýst í leikskólastarfi, bæði höfundum sem og öðrum leikskólakennurum. Áður en leiðbeiningar eru gefnar, þarf þó að undirbúa jarðveginn og fara í gegnum uppeldisfræðileg málefni. Því eru fyrstu þrjú kaflarnir nýttir til að leggja fræðilegan grunn að þeim leiðbeiningum sem síðan eru gefnar í fimmta kafla. Í fyrsta kafla eru breytt viðhorf til barna fyrr og nú skoðuð, sem eru gjörbreytt frá fyrri tímum og nánast óþekkjanleg. Í öðrum kafla verður fjallað um þróun leikskólastarfs á Íslandi í átt að auknum áherslum á getu barna og styrkleika, auk áherslu á efla lýðræðislega þátttöku barna og aukið sjálfræði. Í þriðja kafla er fjallað um rannsóknir sem notaðar hafa verið í ofangreindum tilgangi. Farið er yfir meginhlutverk leikskólakennarans, auk þess eru mósaík nálgunin og uppeldislegar skráningar skoðaðar. Í fjórða kaflanum er stutt samantekt úr fræðilega hluta ritgerðarinnar. Fimmti kaflinn eru praktískar leiðbeiningar gefnar fyrir leikskólakennara sem vilja auka möguleika barna á að vera virkir einstaklingar sem hafa mótandi áhrif á umhverfi sitt en ekki hlutlausir þiggjendur.

## 1. Sýn á börn

Árið 1909 nefndi Ellen Key að 20. öldin yrði „öld barnsins“ og að breytingar yrðu á sýn fullorðinna á börn og hvernig framkomu þau mættu (Montgomery, 2009, bls. 1-2). Í ljós hefur komið að Key hafði að mörgu leyti rétt fyrir sér, þar sem réttindi barna hafa vissulega verið í brennidepli á alþjóðavettvangi og meðal annars á vettvangi Sameinuðu þjóðanna með tilkomu Barnasáttmálans árið 1989. Barnasáttmálinn sýnir fram á grunnmannréttindi barna, þar sem velferð barna er höfð að leiðarljósi og að réttur þeirra að tjá skoðanir sínar á öllum málum sem varða þau sé virtur með tilliti til þroska þeirra og aldurs. Eftir útgáfu Barnasáttmálans jókst barátta fyrir réttindum barna, þar sem samningurinn er viðurkenning á að börn eru sjálfstæðir einstaklingar með réttindi (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, 1989).

Franski sagnfræðingurinn Philippes Ariés hefur greint myndir og íkon af börnum frá ólíkum tímum. Hann komst að þeirri niðurstöðu að bernskan hefði ekki orðið til fyrr en á 16. öld. Þetta hefur þó verið gagnrýnt með þeim rökum að miðaldabörn hafi verið litin öðrum augum en gert var síðar, þar sem þau voru álitin ósjálfstæðir einstaklingar sem ekki hefðu þörf til að tjá skoðanir sínar (Mills, 2000, bls. 12). Þrátt fyrir gagnrýni á verk Philippes Ariés, gefa þau engu að síður glögga mynd af því hvernig skilningur breytist með tíma og menningu.

Fjöl margar hugmyndir og kenningar er fjalla um börn og bernskuna hafa komið fram á liðnum öldum, en hér er litið á þrjá flokka þeirra.

- 1) Börn sem góð eða börn sem slæm
- 2) Börn sem óskrifað blað eða þroskaferill eftir tiltekinni röð og stigskiptingu
- 3) Börn sem varnarlaus eða börn sem sterk (Jóhanna Einarsdóttir, 2008, bls. 17).

Hugmyndir Rousseaus voru í þá átt að æskan væri saklaust tímabil í lífi einstaklings. Trú á getu barnsins til sjálfshjálpar og mikilvægi þess að barnið fyndi sannleikann og fegurðina voru áberandi í kenningum Rousseau. Hann taldi barnið vera hluta af umhverfinu og að það myndi vaxa og þróast á sínum eigin hraða. Því skyldi nám miðað að aðstæðum barnsins hverju sinni. Rousseau taldi að maðurinn væri í eðli sínu góður en það væri samfélagið sem spillti þeirri gæsku sem öll börn fæðast með. Vegna sakleysis þeirra leit hann svo á að börn væru hið góða í heiminum (Dahlberg, Moss og Pence, 2007, bls. 45).

John Locke hélt því fram að nýfætt barn væri sem óskrifað blað (tabula rasa). Hið nýfædda barn hefði enga meðfædda þekkingu en yrði síðar mótað af umhverfi sínu.

Locke taldi að börn biðu eftir því að vera fyllt af staðreyndum lífsins. Reynsla einstaklingsins er hérna talin uppspretta allrar þekkingarinnar og því þarf, samkvæmt þessari hugmynd, að kenna börnum alla hluti svo þau öðlist þekkingu og færni og verði hæfir einstaklingar í samfélaginu (Dahlberg, o.fl., bls. 44).

Kenningar þróunarsálfræðinnar gera ráð fyrir því að börn þroskist eftir fyrirfram ákveðnum leiðum, eftir tiltekinni röð þroskaþrepa. Fremstur meðal þeirra var þróunarsálfræðingurinn Jean Piaget, sem var sannfærður um að þroskamiðað nám þjálfaði þroskaþætti barnanna og að eingöngu væri hægt að kenna börnum það sem þau hefðu þroska til. Kenningar Piaget höfðu mikil áhrif á viðhorf til barna og þar með hvernig móta skyldi leikskólastarf að þörfum barnanna (Jóhanna Einarsdóttir, 2008, bls. 19-20).

Á undanförunum áratugum hafa hugmyndir Piaget þróast og breyst með auknum rannsóknum. Litið var á börn sem óþroskuð og að þau hefðu ekki þroska til þess að segja sínar skoðanir á eigin umhverfi. Þetta sjónarmið hafði þær afleiðingar að viðhorf barna voru hundsúð og almennt var talið að börn væru ekki fær um að mynda sér skoðanir eða að láta þær í ljós. Talið er að Piaget hafi vanmetið mátt barna, þar sem þau geta mun meira en kenningar hans segja til um ( Shaffer, 2002, bls. 227).

Síðari tíma kenningar hafa þó varpað öðru ljósi á áhrifaþætti í þroska barnsins.

Nú í upphafi 21. aldarinnar hafa komið fram ný viðhorf þar sem börn eru ekki lengur talin óvirk og varnarlaus heldur þvert á móti þar sem svokallaðar síðtímahugmyndir um bernskuna eru áberandi. Síðtímahugmyndir leggja áherslu á tengsl barna og fullorðinna ásamt gagnkvæmum skilningi og viðurkennt er að börn þurfa stuðning, kennslu og leiðsögn fullorðinna í sínu lífi. Þeir þættir sem einkenna síðtímahugmyndir beinast að því að eftirfarandi þáttum:

1. Bernskan er viðurkennd og mótast af þeim þjóðfélagsaðstæðum sem barnið býr við. Lögð er áhersla á það félags- og menningarlega samhengi sem börn alast upp í og viðurkennt að umhverfið móti börn, en einnig að börnin móti umhverfi sitt.
2. Mannleg samskipti eru talin eitt af lykilatriðunum, en þá er átt við samskipti barna við foreldra, kennara og samfélag sitt.
3. Nám barna fari fram og sé skoðað í félags- og menningarbundnu samhengi líkt og kenningar Vygotsky ganga út frá. Hlutverk fullorðinna og annarra barna í námi hvers barns og að nám fari fram í félagslegu samhengi eru talið mikilvæg



4. Einstaklingsmunur metinn. Því hafnað að öll börn fari í gegnum fyrirfram tilgreind þroskastig á sama tíma. Þannig er viðurkennt að börn eru ólík, að viðhorf þeirra geti verið margbreytileg
5. Ung börn búa yfir styrkleikum, eru hæfileikarík og geta því verið virkir þátttakendur í sköpun menningar og mótun samfélags.
6. Börn eru viðurkennd sem sjálfstæðir einstaklingar með sína eigin rödd og réttindi sem er í samræmi við ákvæði samning Barnasáttmálans um réttindi barnsins (Jóhanna Einarsdóttir, 2008, bls. 23-24).

Það er í takt við ofangreind atriði að siðfræði síðtímans leggur áherslu á að hvert okkar taki ábyrgð á erfiðum ákvörðunum alveg frá barnæsku. Við erum okkar eigin siðgæðisverðir og tökum okkar eigin ákvarðanir. Þetta eykur kröfuna um að börn móti sinn eigin skilning á heiminum, sína eigin sjálfsmynd og lífsstíl (Dahlberg o.fl., 2007, bls. 56).

Í ljósi ofangreinds, hlýtur að vera einfaldast og réttast að leita til barnanna sjálfra þegar kanna skal viðhorf sem snerta þau. Börn eru sjálfstæðir einstaklingar með eigin réttindi, óháð réttindum hinna fullorðinna. Börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar um málefni hvað þau varðar og virða á skoðanir þeirra að teknu tilliti til aldurs og þroska. Tjáningarfrelsi barna skal tryggja nema það brjóti gegn almennu siðgæði, skaði mannorð eða brjóti gegn réttindum annarra (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, 1989).

Niðurstöður sem má draga af ofangreindri umfjöllun um síðtímahugmyndir:

- Samskipti fullorðinna og barna eru gríðarlega mikilvæg fyrir þroska hvers barns.
- Virðing skal borin fyrir þeim rétti barna að taka ákvarðanir sem varða þau sjálf.
- Í samskiptum fullorðinna og barna skal varast að hinn fullorðni yfirgnæfi barnið og taki af því völdin.
- Áhersla skal lögð á að börn fái að þroskast í virku samspili við umhverfi sitt.

## 1.1 Reggio Emilia

Reggio Emilia uppeldisstarfið hefur verið í þróun frá því um síðustu öld og má segja að það starf falli undir þær síðtímahugmyndir sem eiga við í nútíma samfélagi. Hugmyndafræði Reggio Emilia byggir á að barnið er heildstæð, sjálfstæð vera og hluti af samfélagi sínu. Upphafismaður þessara stefnu var Loris Malaguzzi sem var menntaður sálfræðingur og kennari og tók hann virkan þátt í starfi og þróun stefnunnar frá upphafi þar til hann lést árið 1994. Hann hélt því meðal annars fram að börn hefðu hundrad mál og frá þeim hefðu verið tekin níutíu og níu. Hann rökstuddi það meðal annars með að

börn hafi meðfædda hæfileika til að lesa umhverfi sitt með öllum skilningarvitum og afla sér fróðleiks og þekkingar sem er margfalt flóknari en almennt hefur verið talið. Hann lagði áherslu á að nemendur fengju að gera tilraunir og/eða rannsóknir ( Guðrún Alda Harðardóttir, 2011).

Ríkjandi sýn í heimspeki Reggio Emilia er að hugtakið bernska sé félagsleg hugsmíð og að kennarar og börn séu samverkamenn við að byggja upp þekkingu og móta samfélag sitt. Uppeldisfræðileg skráning er aðferð sem mikið er notuð í Reggio Emilia, aðferðin er notuð til að skoða námsferli leikskólabarna. Í Reggio Emilia er vilji til þess að prófa sig áfram og fara yfir viss landamæri. Engin víska fylgir því hvert það getur leitt börnin að fara yfir þessi svokölluðu landamæri, en einmitt þess vegna er það talið eftirsóknarvert. Líkja má saman hugmyndinni um að ferðast yfir landamærin við hugmynd Dewey um frjáls börn sem fara þó skrefinu lengra. Börn hafa sjálfstæðisþörf og þurfa að fá tækifæri til að kanna, prófa, misheppnast og reyna aftur. Þau þurfa að fá að vera sjálfstæð við að uppgötva og læra að meta þau verðmæti sem þau búa yfir eins og sjón, heyrn og skynjun. Þau þurfa að fá að uppgötva hvernig skynsemin, ímyndunin og hugsunin vinna saman. Ef við hjálpum þeim við þetta leiðum við þau áfram til að takast á við heiminn og hafa áhrif (Kristín Dýrfjörð, e.d., bls. 4).

Hugmyndafræði Reggio Emilia barst til Íslands árið 1987, en það var leikskólinn Marbakki sem hóf að starfa í anda Reggio Emilia. Á sama tíma voru leikskólakennaranemar að kynna sér uppeldisstarfsemi Reggio Emilia í námi sínu. Í dag hafa fjölmargir leikskólar tekið upp og tileinkað sér hluti úr helstu áhersluþáttum leikskóla Reggio Emilia (Sare, 2011).

## **2. Lýðræðislegur leikskóli**

Leikskólaárin eru mikilvægt tímabil í lífi hvers barns, þar sem nám í leikskóla er hluti af samfelldu námsferli einstaklings. Í leikskóla sem er barnmiðaður er lögð áhersla á að barnið fái að dafna á eigin forsendum. Einnig er áhersla lögð á samvinnu og að barnið læri að vera sjálfstæður einstaklingur með að umgangast hvort annað og taki þátt í ákvörðunum og skipulagi leikskólans (Jóhanna Einarsdóttir, 2005, bls. 12).

Umönnun barna er nauðsynleg í leikskólastarfi og felur í sér góð samskipti, ábyrgð, hæfni og heiðarleika ásamt samhygð og virðingu gagnvart öðrum. Umönnunin snýst ekki eingöngu um það sem fullorðnir einstaklingar gera fyrir börn, heldur að það sé

hluti af samskipum fullorðinna og barna (Jóhanna Einarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2005, bls. 55).

Í lögum um leikskóla kemur fram að hlutverk leikskóla sé meðal annars að leggja grunn að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi (Lög um leikskóla nr. 90/2008). Leikskólinn á að kenna börnum lýðræðisleg vinnubrögð. Einnig verða börnin að finna að þau skipta máli sem einstaklingar en ekki aðeins hluti af hóp. Leikskólanum ber að setja reglur sem eiga að gilda í barnahópnum og skýra þær og tilgang þeirra fyrir börnunum (Aðalnámskrá leikskóla, 1999, bls. 16).

Í drögum að nýrri Aðalnámskrá leikskóla (2010) eru lýðræði og mannréttindi nefnd sem einn af grunnþáttum menntunar. Þetta er nýmæli þar sem þessum þáttum hafa ekki verið gerð góð skil í núgildandi Aðalnámskrá. Leikskólastarf á að byggjast á lýðræðislegu jafnrétti, margbreytileika og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Í leikskólanum finna börn að þau eru hluti af hóp og samfélagi, þar sem borin er virðing fyrir þeim og réttlæti er haft að leiðarljósi. Þar er litið á börn sem virka borgara og þátttakendur, og þar nýtur hver og einn virðingar. Hvert leikskólabarn fær tækifæri til að tjá skoðanir sínar til þess að hafa áhrif á umhverfi sitt. Það er skylda leikskólans að undirbúa börn til þess að vera virk í þátttöku í samfélaginu, með því að láta þau fá tækifæri til að upplifa lýðræðisleg vinnubrögð og samskipti í daglegu starfi. Þannig skilja börnin hvað lýðræði er, þau læra lýðræðisleg vinnubrögð og þróa með sér borgaravitund (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010, bls. 7). Eins og í Aðalnámskrá leikskóla er einnig fjallað um mikilvægi lýðræðis í leikskólum í stefnu Félags leikskólakennara um framtíðarsýn og viðmið fyrir góðan leikskóla. Þar segir enn fremur að leikskólar ættu að styrkja og undirbúa börn fyrir þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi (Félag leikskólakennara, 2008).

Starfssvið leikskólans er umfangsmikið og fjölbreytt þegar horft er til þeirra markmiða sem koma fram í Aðalnámskrá leikskóla. Að fylgja eftir þessum markmiðum felur í sér ábyrgð og þarf að halda vel utan um starfið svo mögulegt sé að ná settu marki. Þarf því að móta stefnu leikskólans og starf í samræmi við þessi markmið. Við upphaf leikskólastarfs á Íslandi var áhersla lögð á heimilislegt leikskólaumhverfi, frjálstan leik og að barnið fengi að dafna á eigin forsendum án afskipta kennara. Í dag hefur merking hugtaksins barnmiðaður breyst og lögð er áhersla á að börn læri en leikskólakennarinn sé til staðar til að styðja og þjálfa börnin. Þannig verða börn virkir

samfélagsþegnar með því að umgangast hvort annað og taka þátt í ýmsum ákvörðunum og skipulagningu.

Leikskólar tryggja börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi ásamt öruggum náms- og leikskilyrðum. Stuðla á að því að nám barnanna fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóti gjörbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla eiga að mótast af eftirtöldum lykilhugtökum:

- Umburðalyndi
- Kærleika
- Jafnrétti
- Lýðræðislegu samstarfi
- Ábyrgð
- Sáttfýsi
- Virðingu fyrir manngildi
- Kristinni arfleifð íslenskrar menningar
- Umhyggju

Nefnt er meðal annars í lögum að meginmarkmið í uppeldi og kennslu í leikskóla séu víðsýni barna og efling siðferðisvitundar. Einnig skal leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi (Lög um leikskóla nr. 90/2008).

Í grein Guðrúnar Öldu Harðardóttur kom fram hvað foreldrum leikskólabarna fannst nauðsynlegt að börn þeirra lærðu í leikskólanum og voru þrír þættir helst áberandi.

- Í fyrsta lagi fannst foreldrum mikilvægt að börnin lærðu að gera sér grein fyrir sjónarmiðum og tilfinningum annarra.
- Í öðru lagi að börnin gætu fylgt reglum.
- Í þriðja lagi að börnin yrðu hæf í samræðum til að geta leyst ýmis ágreiningsmál.

Út frá þessum svörum foreldra má draga þá ályktun að lýðræðisleg gildi í leikskólum barna séu vel metin af foreldrum (Guðrún Alda Harðardóttir, 2003, bls. 2-11).

Í grein Kristínar Dýrfjörð (2006) *Lýðræði í leikskólum* er sagt frá tilraun Osler og Starkey í lýðræðislegum leikskóla. Þau telja að lýðræðislegur leikskóli bjóði upp á tækifæri til mikilla samskipta og samvinnu. Í slíkum skóla er áherslum á mannréttindi fléttað inn í daglegar athafnir. Þar er fólk ábyrgt gagnvart hvort öðru jafnt sem sjálfu sér.

## 2.1 Lýðræði

Hér verður hugtakið lýðræði skýrt og skilgreint og hvernig hinir ýmsu fræðimenn tengja hugtakið við leikskólastarf með börnum.

Hugtakið lýðræði er opið og hægt að nálgast það frá mörgum og ólíkum sjónarhornum. Hinn almenni skilningur á lýðræði er þó sá að einstaklingurinn og

hópurinn fái að ráða eða að meirihlutinn hafi stjórn við ákvarðanatökur. Það er mikilvægt strax í byrjun að vinna að lýðræðislegum samskiptum og hlusta á raddir barna og hvetja börnin til að tjá skoðanir sínar og virða óskir þeirra (Mac Naughton og Williams, 2009, bls. 286).

Eitt megin inntakið í lýðræði er jafnræði og jafnvægi. Ekki er þá einungis um valdajafnvægi að ræða heldur einnig jafnvægi í félagslegum kringumstæðum. Miklu máli skiptir að í hinu félagslega samfélagi sé ekki gert upp á milli þegnanna þannig að hagsmunir sumra gangi fyrir hagsmunum annarra. Dewey leggur mikla áherslu á einstaklinginn og að lýðræðislegt samfélag stuðli að því að einstaklingurinn fái að njóta sín. Hann lítur þó ekki á samfélagið sem vettvang einstaklinga til að vinna að eiginhagsmunum heldur sameiginlegan vettvang félagslegrar samvinnu sem byggist á sameiginlegum hagsmunum samfélagsins.

Grundvallaratriðið í lýðræðislegri samvinnu, samkvæmt skilningi Dewey, er að hver og einn fái tækifæri til að leggja eitthvað af mörkum til samfélagsins, að hann geti upplifað sig sem hluta af því og að hann upplifi samfélagið sem vettvang þar sem hann getur leitast við að ná eigin markmiðum (Ólafur Páll Jónsson, 2010, bls. 29-33). Dewey sér skólann gegna því lykilhlutverki að viðhalda hinu lýðræðislega samfélagi. Skólinn er sú stofnun þjóðfélagsins þar sem helst ætti að vera mögulegt að gæta jafnræðis og koma í veg fyrir mismunun. Menntun til eflingar lýðræðis er því mikill ábyrgðarhlutur en um leið nauðsynleg forsenda þess að lýðræðið fái að dafna í samfélagi okkar. Lýðræðislegir skólar eru skólar sem eru opnir fyrir fjölbreytni í mannhafinu, fjölbreytni í samskiptum og getur um leið stuðlað að fjölbreytilegri reynslu (Halla Jónsdóttir, 2010, bls. 140-141).

## **2.2 Sjálfræði**

Hér verður hugtakið sjálfræði útskýrt og skilgreint og dæmi gefin um hvernig hinir ýmsu fræðimenn skýra hugtakið og nota það. Einnig er skoðað hvert gildi sjálfræðis er fyrir einstaklinginn og samfélagið.

Sjálfræði er lykilhugtak í þroska barna. Einstaklingur sem ekki hefur öðlast sjálfræði reynir að forðast ýmis erfið siðræn mál og þróar þess vegna ekki færni sína á því sviði en sjálfráður einstaklingur forðast ekki erfiðar aðstæður heldur eflist við að takast á við þær (Lind, 1996, bls. 2).

Við fæðingu er barn ósjálfrátt og meðtekur þekkingu og siðgæði frá hinum fullorðna, en með tímanum þróast sjálfræði og siðgæði samvinnu, þar sem megináherslan er á

sjálfræði vitundarinnar. Sýn Piaget á sjálfræði er að sjálfráður einstaklingur meti gildi samvinnu við aðra, sýni gagnkvæma virðingu en sé ekki einstaklingsmiðað, andfélagslegt hugtak (Piaget, 1977, bls. 322). Sá sem hefur vald á sjálfstæði sínu getur betur tekist á við erfiðar aðstæður, valið á milli og greint kosti og galla. Sjálfræði tengist einnig því að þekkja veikleika sína og styrkleika, sem getur til dæmis birst í að taka sameiginlegar ákvarðanir, bæði sem einstaklingur eða sem hluti af hópi. Það má því segja að hlutverk leikskólans sé mikilvægt til að styrkja og efla þessa þætti hjá börnum. Leikskólakennarar og starfsfólk leikskólans eru fyrirmyndir barnanna að mörgu leyti og geta því stuðlað að sjálfræði barna með því að virða þau og hvetja í athöfnum sínum (Sesselja Hauksdóttir, 2001, bls. 18-38).

Frumkvæði er nauðsynlegt hjá hverjum einstaklingi, því sá sem ekki hefur frumkvæði hefur ekki stjórn á eigin lífi. Samhengi sjálfstæðis og frumkvæðis er augljóst, en ósjálfstæður einstaklingur á eðli málsins samkvæmt erfiðara með að sýna frumkvæði. Til þess að geta tekist á við verkefni og viðfangsefni, verið í fararbroddi og tekið sjálfstæðar ákvarðanir og framfylgt þeim þarf frumkvæði sem er viss hæfni (Sesselja Hauksdóttir, 2001, bls. 40).

### **3. Að nálgast sjónarhorn barna**

Í þessum kafla verður fjallað um rannsóknir og aðferðir sem beitt hefur verið til að efla möguleika leikskólabarna til að hafa áhrif. Farið er yfir rannsóknir, mósafk aðferðina og uppeldisfræðilegar skráningar.

Mikilvægt er að börn hafi möguleika til að hafa áhrif á mótun umhverfis síns, en oft á tíðum er þeim ekki gefið nægilegt tækifæri til slíks. Roger Hart er frumkvöðull á sviði rannsókna sem byggja á þátttöku barna í að móta umhverfi sitt. Hann fullyrðir að börn hafi hvata til að kanna, snerta og upplifa umhverfi sitt til að skilja það. Taka þarf tillit til þessa í hönnun opinberra leiksvæða. Það sem náttúrulegt umhverfi býður upp á fyrir börn er fjölbreyttari leikur sem eflir sköpun barna fremur en staðlaður leikbúnaður sem hannaður er af fullorðnu fólki. Þegar vel tekst til með slíkan leikbúnað eflist frelsi barnanna í leik sínum. Í frjálsum leik læra börn að þekkja hvert annað og þróa hæfileika sína í að deila, en leikur er mjög mikilvægur fyrir þroskaferli barnsins, fyrir þróun samfélagsins og þar með þróun lýðræðis. Leikur er því talinn mikilvægur á öllum stigum líkamlegs þroska og einnig með tilliti til skilnings og hugsunar barna (Hart, 2002, bls. 146).

Á undanförunum árum hefur sýn manna á hæfni barna breyst mikið í kjölfar aukinna rannsókna á sviðinu. Jesper Juul er einn af þeim fræðimönnum sem hefur fjallað um það sem hann kallar „hæfa barnið“ (ditt kompetente barn) og vísar þar til almennrar hæfni ungra barna og mikilvægi þess að uppalendur virði það og skilji. Juul heldur því fram að kennarar sem treysta á vald í skjóli hlutverks síns séu dæmdir til að tapa, því börn beri ekki virðingu fyrir hlutverkum, heldur manneskjum. Samkvæmt Juul er nauðsynlegt að börn njóti sjálfræðis, að þau fái að ráða ýmsu sem þeim viðkemur og hann vill meina að það geri börnin að sterkari einstaklingum og að styrkja þurfi börnin og hvetja þau í þessum þáttum. Gangi það ekki eftir munu einstaklingarnir annað hvort reyna að framkvæma það sem umhverfið ætlast til af þeim eða þá að þeir verði mjög uppteknir í eilífri leit að staðfestingu (Juul, 1997, bls. 21-22). Hinum fullorðnu ber að virða friðhelgi barnsins og hlusta á það og sjá til þess að hagsmunir þess séu í fyrirrúmi, að barnið hafi sama rétt og öll önnur börn. Til þess að hægt sé að verða við þessum kröfum þarf að koma á móts við barnið og taka tillit á forsendum barnsins (Gunnar E. Finnbogason, 2008, bls. 106).

Börn eru hæfir einstaklingar og mörg þeirra vita vel hvað þau vilja og standa föst á skoðunum sínum. Þau byrja snemma að tjá sig jafnvel þó svo þau séu ekki farin að tala, þá koma þau þrátt fyrir það sínum skoðunum á framfæri, enda hafa þau sitt eigið tungumál. Börn geta tjáð sig í gegnum leik, myndsköpun, tónlist og hreyfingu. Mjög ung börn sem ekki geta tjáð sig með orðum, tjá sig með gráti, hlátri, með líkamstjáníngu og hljóðum.

Þar sem þau hafa fjölbreyttan tjáningarmáta í misjöfnum þroska að mati Berit Bae, sem hefur stundað rannsóknir á samskiptum barna og samskiptum barna og fullorðinna, búa börn bæði yfir félags- og samskiptalegri hæfni. Þessi hæfni lýsti sér í því að börnin sýndu samkennd, gátu sett sig í spor annarra og gerðu sér grein fyrir því hvernig öðrum leið. Einnig sýndu þau ákveðna staðfestu og leituðu leiða til að leysa ýmis ágreiningsmál sem upp komu (Bae, 1984, bls. 34).

Viðhorf fullorðinna til barna endurspeglast í hvernig komið er fram við þau og hlúð að þeim. Einnig hefur það áhrif á hvernig hlustað er á börnin og hvort þau fá tækifæri til þátttöku. Nauðsynlegt er að hlusta á börn og heyra hvað þau hafa að segja, oft er aðeins kinkað kolla eða svarað þvert „nei“ við því sem þau er að segja eða spyrja að. Starfsfólk leikskóla verður að gefa börnum tækifæri til að tjá sig og mikilvægt er að börnunum finnist að á þau sé hlustað. Ekki er verið að tala um að elta allar hugmyndir þeirra eða væntingar, heldur að efla börnin og að þau fái tækifæri til að gera eins vel og þau geta.

Börn eru þolinmóðir hlustendur, frá fæðingu nema þau og tjá sig á marga vegu til dæmis með því að snerta, þefa, hlusta og smakka (Rinaldi, 2005, bls. 21).

Erfitt getur verið fyrir leikskólakennara að dæma um hversu langt út fyrir reglurnar börn mega ganga og er því nauðsynlegt að setja skýrar reglur ásamt því að upplýsa börnin um hverjar afleiðingarnar muni verða (Pramling Samuelsson og Sheridan, 2001, bls. 170). Eflaust spyrja margir leikskólakennarar sig hvaða leið henti helst til eflingar þátttöku leikskólabarna og til að fá þeirra sjónarmið fram hvað reglur og skipulag varðar.

Í sænskri rannsókn voru leikskólabörn spurð hvort þeim fyndist þau fá að hafa áhrif í leikskólanum. Í niðurstöðum þeirrar rannsóknar kom fram að börnunum fannst þau fá að ráða leik sínum. Þeim fannst hinsvegar að þau fengju sjaldan að taka þátt í að skipuleggja dagsskipulag og starfsemi leikskólans sem var skipulögð af kennurum (Pramling Samuelsson og Sheridan, 2001, bls. 188). Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður úr nokkuð mörgum rannsóknum sem gerðar hafa verið þar sem leitað er eftir sjónarmiðum barna eins og til dæmis rannsókn Önnu Magneu Hreinsdóttur (2009) þar sem tilgangur rannsóknarinnar var að ná fram umræðum um stöðu leikskólabarna. Jafnframt bendir rannsókn Önnu Magneu á nauðsyn þess að leita eftir sjónarmiðum barnanna og hvernig þau sjálf geta haft áhrif á starf leikskólans. Niðurstöður úr þessari rannsókn sýndu að börnunum fannst þau ekki ráða miklu. Í þróunarverkefni Jóhönnu Einarsdóttur (2005) um þátttöku barna í leikskólastarfi kom í ljós að þau hefðu lítið að segja um skipulag leikskólastarfsins. En að þau hefðu val innan ákveðins ramma. Að öllum líkindum er það nokkuð algeng niðurstaða í leikskólum, að börn fái ekki að nýta rétt sinn til áhrifa á daglegt líf og skipulagningu á málefnum sem þau varðar.

Til þess að fá skoðanir barna fram á ýmsum málum þarf að fara sérstakar leiðir og nota viðeigandi aðferðir. Starfsfólk leikskólans þarf að vera skapandi og nota mismunandi aðferðir til að fá fram sjónarmið barnanna. Þegar unnið er með börnum þarf að gera það að vana sínum að hlusta á sjónarmið þeirra og bera virðingu fyrir því sem þau segja. Góð hlustun er mjög mikilvæg í leikskólastarfi og á að vera hversdagsleg athöfn í umhverfi með börnum. Þegar starf leikskólans er metið er nauðsynlegt að það fari fram með virkri þátttöku þeirra barna sem þar dvelja (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2009, bls. 53).



Jóhanna Einarsdóttir er frumkvöðull á Íslandi í rannsóknum barna og hennar rannsóknir hafa sýnt að leikskólabörn búi yfir þekkingu, skoðunum og áhuga sem þau sjálf eru hæfust til að veita upplýsingar um. Til eru margar leiðir til að ná fram sjónarmiðum barna, til dæmis með einstaklingsviðtölum, hópviðtölum, teikningum og leyfa börnum að taka ljósmyndir af því sem vekur áhuga þeirra (Jóhanna Einarsdóttir, 2005, bls. 14).

### **3.1 Hlutverk leikskólakennara**

Hlutverk leikskólakennara er margþætt, og skapast meðal annars af því umhverfi sem hann starfar í, aldri þeirra barna sem hann starfar með og þeim tíma sem honum er úthlutað með hverju barni. Hér að neðan er fjallað um meginhlutverk leikskólakennarans og mismunandi úrlausnarefni sem hann mætir í starfi, ásamt þeirri nálgun sem líklegust er til árangurs svo börn hafi tækifæri til að hafa áhrif á starf leikskólans.

Almennt séð ná börn tökum á hæfileika sínum til þátttöku smám saman með auknum þroska. Hlutverk leikskólakennarans er að aðstoða börnin við að efla lýðræðisvitund sína með þeirri þekkingu sem kennarinn hefur og þarf um leið að vera börnunum góð fyrirmynd. Starfsfólk í leikskóla á að sinna starfi sínu af fagmennsku, umhyggju og samviskusemi (Lög um leikskóla nr. 90/2008). Það má því segja að mikil ábyrgð fylgi starfi leikskólakennarans og huga þarf að mörgum mikilvægum hlutverkum í vinnu með börnum. Hugsa þarf að uppeldi og menntun barnanna. Fylgjast vel með velferð þeirra og hlúa að þeim bæði líkamlega og andlega og virða eðli og þarfir barnanna svo þau nái að njóta sín sem einstaklingar.

John Dewey vill meina að of mikil afskipti sé óþörf, að hlutverk kennarans sé að fræða börnin og að börnin þurfi að glíma við krefjandi verkefni og kennarinn skuli gefa börnunum gott svigrúm til athafna. Ef kennarinn fer eftir þessu er ekki hætta á of mikilli miðlun upplýsinga til barnanna. Nauðsynlegt er að gagnkvæm virðing myndist á milli kennarans og barna svo samskipti verði góð og gott andrúmsloft skapist innan barnahópsins. Kennari þarf að huga að því að fara ekki fram úr börnunum í hugmyndavinnu þar sem hlutverk hans er að grípa inn í ef þau eiga í erfiðleikum og hjálpa börnunum að auka þekkingu þeirra og ýta undir sjálfræði og þátttöku (Dewey, 2000, bls. 317). Góð þekking kennarans á námsefninu er mikilvægt skilyrði til að geta stýrt umræðum meðal barna og þar af leiðandi aukið þekkingu þeirra og nauðsynlegt er að fylgjast vel með viðbrögðum barnanna (Dewey, 2000, bls. 321- 324). Það að telja sig

vera yfir börnin hafin og vita alltaf betur getur leitt til vinnubragða sem getur haft neikvæð áhrif á lýðræði barnanna, þar sem þetta sjónarhorn er gagnstætt lýðræðinu. Kennari sem vill að börnin taki þátt í mótun umhverfis síns má ekki hafa þetta sjónarmið. Þó svo að kennari viti betur í sumum tilfellum, mega börnin ekki finna það því það gæti vakið vanmátt þeirra gagnvart eigin vitneskju. Auðvitað verða kennarar þó að veita og meta hvort þeirra sjónarmið eigi við í vissum umræðum með börnunum, til dæmis ef umræðan tengist velferð barna þá taka kennararnir stjórnina í umræðunum. Að auki skulu börnin ekki taka þátt í því að móta reglur sem ekki er við hæfi að bera undir þau sökum aldurs og eru umfram skilning þeirra.

Tjáningarmáti hjá fullorðnum og ungum börnum er ekki sá sami þar sem hinir fullorðnu geta tjáð sig munnlega og skriflega og haft áhrif á þann hátt. Tjáningarmáti ungra barna er takmarkaðri þar sem þau geta oft ekki tjáð sig með orðum og er það þá helst líkamstjáningin sem er algengust.

Í leikskólanum Maurtuen í Danmörku var unnið að því að efla sjálfræði og rétt barnanna í daglegu starfi og athöfnum sem m.a. sneri að umönnun þeirra (Kjörholt, 2010, bls.153). Í verkefninu var starfsfólki boðið að fjalla um dagskipulagið og starfshætti í leikskólanum. Með aukinni vitund um rétt barnanna var litið svo á að fullorðnir stjórni of miklu og hafi of mikil völd yfir börnunum. Eftir að starfsfólk fór að horfa gagnrýnum augum á þær reglur sem voru við lýði og urðu virkari hlustendur er börnin tjáðu sig, öðluðust börnin aukin tækifæri til að tjá skoðanir sínar, borin var mun meiri virðing fyrir því að barnið svari „Nei“. Í leikskólanum Maurtuen er engin fullorðinn sem tekur börnin upp og ber þau inn á klósettið til að skipta um bleiu án þess að spyrja þau hvort þau vilji fá nýja bleiu. Þarna hafa börnin val á að halda leiknum áfram þar til þau vilja fá nýja bleiu (Kjörholt, 2010, bls. 155-157).

Eftir að starfsfólk fór að hlusta meira á börnin og huga að réttindum þeirra fækkaði árekstrum á milli barna og fullorðinna, til dæmis í fataklefanum. En áhugavert var að ágreiningsmálum á milli barnanna fjölgaði eftir að réttindi þeirra jukust, þar sem áður fyrr hafði starfsfólkið blandað sér í deilur barnanna og skorist í leikinn, en nú finna börnin sjálf lausnir á vandamálum sínum. Viss ávaxtatími var í leikskólanum en nú fá börnin sér ávexti þegar þau vilja, þegar þau sjálf eru tilbúin. Þau þurfa ekki að hætta leik sínum frekar en þau vilja. Stundum er þó ástæða fyrir allan barnahópinn að safnast saman og þá eru þær samverustundir skipulagðar, til dæmis þegar um afmæli er að ræða eða annars konar uppákomur.

Á slíkum viðburðum þarf að huga að því að ýmsar samverustundir geta ógnað réttindum barna til þátttöku. Nauðsynlegt er að hafa góðan skilning á rétti þeirra, þó með nokkrum undantekningum um uppákomur þar sem þörf er á að safna saman börnunum (Kjörholt, 2010, bls. 156-157).

Jákvæðni kennarans er einnig stór þáttur í því að barnið nái að skapa sína þekkingu og verða virkur þátttakandi. Jákvæðni getur einnig minnkað árekstra í samskiptum barna og fullorðinna þó svo ekki sé hægt að verða við ósk barnsins, til dæmis er betra að segja „Já, þegar þú verður fullorðinn“ í stað þess að segja „Nei, þú ert of lítil/l“. Í leikskólanum Funaborg er haft í leiðarljósi í starfinu að með því að segja „já“ í 99% tilfella við börnin eru þar með hugmyndir þeirra virtar. Jákvæðni hefur góð áhrif á samskiptin þó svo að „jáið“ gildi ekki um allt, heldur er hægt að umorða „jáið“ á marga vegu eins og „já, þú mátt keyra mótörhjól þegar þú verður sautján ára“ (Funaborg, 2008, bls. 4).

Umfram allt þarf leikskólakennarinn að líta á barnið sem hæfileikaríkt og getumikið, að barnið sé einstaklingur sem er hluti af samfélaginu. Mikilvægt er að barnið hafi tækifæri til að byggja upp eigin þekkingu og því er nauðsynlegt að kennararnir taki ekki fram fyrir hendurnar á því. Sýna þarf með framkomu að barnið geti framkvæmt hluti sjálfstætt. Nauðsynlegt er að barninu sé gefinn tími og rými og fái hvatningu sem byggð er á áhuga. Kennarinn þarf að vera vel meðvitaður um að hans eigin áhugi hefur mikil áhrif á börnin og að sá áhugi geti haft mikla hvatningu fyrir þau. Menntaður leikskólakennari þarf að skoða sjálfan sig á gagnrýnan hátt og gera sér grein fyrir uppeldislegum viðhorfum sínum og móta leiðir í starfi af kostgæfni. Starf leikskólakennarans er mikilvægt við að gera börnum grein fyrir því að þau búi í lýðræðislegu þjóðfélagi og að í slíku þjóðfélagi er virkni einstaklinga og frumkvæði mikilvægur þáttur.

## 3.2 Skráningar

Uppeldisfræðileg skráning (pedagogisk documentation) er tilvalin leið í gagnaöflun er rannsaka á hvað um er að vera í leikskólanum. Skráningin getur gefið góða sýn á hvernig daglegt starf fer fram, sem annars væri erfitt að meta og koma auga á. Aðferðin hentar vel til að kanna færni barns í mismunandi barnahópum. Þannig getur kennari fundið styrk og hæfileika hvers barns í stað þess að beina augum að því sem það er ekki fært um. Mikilvægt er að hafa það í huga að skráning af þessu tagi er ekki

atferlisathugun, heldur aðferð til að bæta skilning kennara á athöfnum barnsins og hjálpa við að koma auga á getu barnsins (Dahlberg o.fl., 2007, bls. 144-148).

Skráning hjálpar kennara við að:

- Fara yfir, skoða og meta starfið.
- Gera börnunum grein fyrir hvað þau hafa gert, fara yfir ferlið með þeim og með því gert kennara grein fyrir hversu hæf þau eru.
- Undirbúa sig fyrir foreldraviðtöl og skipuleggja framtíðaráætlun í starfinu með börnunum.
- Ígrunda sjálfan sig í starfi.
- Sjá hvernig samskiptin eru við börnin og einnig samskipti á milli barnanna og hvernig þau sjálf leysa ýmis ágreiningsmál.
- Sjá sjónarhorn barnanna á leikskólastarfinu.

Skráning er framkvæmd út frá börnunum, hvað þau eru að gera, hvað þau segja, og hvernig starf kennara og annars starfsfólks er í tengslum við börnin. Kennari metur starf sitt á lýðræðislegan hátt. Þegar beita skal skráningu er byrjað á því að rita niður á blað hvernig athugun á hverju einstöku barni hefur gengið og hvort verkefnið hafi verið áhugavert. Náði verkefnið yfir öll börnin til dæmis með tilliti til þroska, bakgrunns og tungumáls. Tilvalið er að gera áætlun með ýmsum punktum eins og dagsetningu, hvernig skal framkvæma, hvernig gekk og svo framvegis.

Ljósmyndun er góð leið til að skrá í myndum og hentar einkar vel fyrir erlend börn sem og foreldra þeirra til að geta fylgst betur með þar sem talað mál getur vafist fyrir þeim. Þannig geta þau sagt frá athöfnum í íslensku umhverfi á sínu eigin móðurmáli. Einnig er gott að leyfa börnunum að taka myndir eða myndbönd sjálf af því sem vekur athygli þeirra og nota þær myndir í mati á verkefnum. Eftir á eru viðtöl tekin við börnin á meðan á verkefni stendur sem og eftir að verkefnavinnu er lokið. Hægt er að nota verk barnanna eins og myndir og myndbandsupptökur til að gefa yfirsýn á það sem gert hefur verið með þeim og hvað það er sem vekur athygli þeirra. Síðan er hægt að vinna áfram með það til þess að efla starfið enn frekar.

Með skráningu er stuðlað að auknum skilningi á leikskólabarninu og starfið sem unnið er með börnunum um leið gert sýnilegt. Kennari finnur út í samvinnu við samstarfsmenn hvað er mikilvægt að skrá og hvað er talið skipta máli fyrir uppeldi og þroska barna. Það sem ákveðið er að skrá og hvernig það er framkvæmt ásamt túlkun skráningarinnar segir mikið um kennarann sem fagmann. Því má segja að skráning lýsi

því sjónarhorni sem kennarinn hefur til barna. Það sýnir hvar áherslurnar eru og þá afstöðu og viðhorf sem haft er til barna. Skráningin hjálpar kennurum í gegnum það hvernig þeir birtast sem leikskólakennarar. Aðstoðar þá til að laga það sem betur má fara í vinnubrögðum sem og samskiptum með börnum (Dahlberg o.fl., 2007, bls. 156-158). Nauðsynlegt er að starfið sé skipulagt með það í huga að gert sé ráð fyrir skráningu í starfinu, ekki aðeins skráningin sjálf fái tíma, heldur einnig úrvinnsla skráningar.

### 3.3 Mósaík aðferð

Mósaík aðferðin (The Mosaic Approach) hefur verið notuð á Englandi síðan 1999. Alison Clark og Peter Moss þróuðu aðferðina með það í huga að ná fram sjónarmiðum barna og litu til Reggio Emilia á Ítalíu þar sem gengið er út frá því að allt nám sé ferli sem felst í því að fullorðnir og börn vinni saman að bættu umhverfi (Clark og Moss, 2001, bls. 1).

Aðferðin er hugsuð til að efla börn í að vera hæfir og virkir einstaklingar sem eru vakandi yfir umhverfi sínu. Mósaík aðferðin býður upp á margar aðferðir til að ná fram sjónarmiðum barna (Clark, 2005, bls. 29).

Hér að neðan eru nokkur dæmi um það:

- Viðurkenna ólíkar raddir og sjónarmið barna.
- Koma fram við börn eins og þau séu sérfræðingar í sínu eigin lífi.
- Börn, leikskólakennarar og foreldrar hugsi um merkingu og túlkun spurninga.
- Hægt að bæta og nýta fjölbreytileika stofnunarinnar.
- Reynslu barnanna er hægt að nota á ýmsa vegu, til dæmis að horfa frekar á það líf sem barnið hefur lifað frekar en eingöngu þá þekkingu sem það hefur.
- Útbúa ramma fyrir hlustun sem hægt er að nota sem matstæki og er fellt inn í starfið (Clark og Moss, 2001, bls. 5).

Í mósaík aðferðinni fá börnin myndavélar og fara í leiðangur og stjórna algjörlega ferð sinni sjálf og taka myndir af því sem þeim finnst merkilegt. Að því loknu búa þau til kort úr myndunum og teikna einnig á kortið. Hver einstök ljósmynd er þannig hluti mósaík myndar. Rætt er við þau í hóp eða hvern einstakling út af fyrir sig um túlkun myndanna og þeirra upplifun af leiðangrinum, hvað þau sáu markvert.

Í upphafi mósaík ferlisins er farið í gegnum tvö stig:

- Á fyrsta stiginu er einblínt á að safna sem mestum upplýsingum með þeim verkfærum sem lýst var hér að ofan með dæmi um myndavél.

- Á öðru stigi er gögnum safnað saman, foreldrar og leikskólakennarar sameinast ásamt börnum og halda fund, gera athugasemdir, ígrunda og túlka verkið (Clark, 2005, bls. 31).

Til að ferðin frá fræðum yfir í framkvæmd geti gengið áfallalaust, þurfa skipuleggjendur leikskólastarfsins að festa niður ákveðna hluti með starfsfólki:

- Hvernig hlustum við á börn?
- Barnið á að ráða persónulegum atriðum innan ákveðins ramma.
- Starfsmenn leikskólans þurfa að ígrunda og meta sjálfa sig, vera hvetjandi, huga að þátttöku barnanna og reyna að nýta áhugamál hvers kennara fyrir sig, búa til frjálst og öruggt umhverfi fyrir börnin

Mismunandi aðstæður kalla á ólíkar leiðir til að ná fram sjónarhornum og viðhorfum barna. Hér eru nokkrar af þeim leiðum taldar upp:

- Viðtöl við börnin.
- Kannanir á áliti barna.
- Teikningar.
- Ljósmyndir sem þau fá að taka sjálf.
- Hlutverkaleikur.
- Uppeldisleg skráning.
- Fundir með börnunum.
- Þjálfva börn í að hugsa, á gagnrýnn, skapandi og sjálfstæðan hátt.

## 4. Samantekt og umræða

Í undangengnum þremur köflum hefur verið fjallað um hvernig leikskólastarf á Íslandi þróaðist að því sem það er í dag. Byrjað var á umfjöllum um breytta sýn á bernskuna, þá fjallað um þróun leikskóla og barnmiðaða menntun.

Því hefur verið haldið fram að bernskan hefði fyrst orðið til á 16. öld. Óvíst er um sannleiksgildi þeirrar fullyrðingar, en ljóst er að viðhorfsbreyting hefur orðið til barna og barnæskunnar, ekki síst fyrir tilkomu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem réttindi barna eru viðurkennd. Að sama skapi hafa hugmyndir manna um þroskaferlið tekið stakkaskiptum, allt frá saklausu barni Rousseau að kenningum Locke um áhrif reynslunnar á mótun einstaklingsins og hugmyndum Piaget um almennt þrepaskipt þroskaferli, til þess staðar sem við erum á í dag, þar sem áhersla er á að börn fái að þroskast í virku samspili við umhverfi sitt.

Fjallað var um þróun leikskólastarfs á Íslandi frá upphafi þess á fyrri hluta 20. aldar til dagsins í dag. Í Reggio Emilia er lögð áhersla á að gefa börnum tækifæri til náms í gegnum tilraunir og rannsóknir. Hugtakið lýðræði er skýrt í samhengi við leikskólastarf og þátt

lýðræðisleg samfélags í þroska og velmegun einstaklingsins. Þá er fjallað um hugtakið sjálfræði og þátt leikskólans í þróun sjálfræðis og sjálfstæðis einstaklingsins.

Mörgum rannsóknum og aðferðum hefur verið beitt til að auka möguleika leikskólabarna til að hafa áhrif. Fyrst ber að nefna nokkrar rannsóknir á þátttöku barna í leikskólum víðsvegar um heim. Hlutverk leikskólakennara er að aðstoða börnin við að efla lýðræðislega þátttöku barna með þeirri þekkingu sem kennarinn hefur. Mikilvægt er að kennarinn sé góð fyrirmynd og að allt starfsfólk leikskóla sinni starfi sínu af fagmennsku, umhyggju og samviskusemi. Uppeldislegar skráningar er aðferð sem hugsuð er til þess að hjálpa leikskólakennurum að koma auga á hæfileika og getu barna, án þess þó að bera það saman við ákveðna staðla. Mósaík aðferðin er hugsuð til að hvetja börnin til að vera hæfir og virkir einstaklingar, sem skoða sig um í umhverfi sínu. Ekki er um eina fastmótaða nálgun að ræða, heldur býður mósaík leiðin upp á margar aðferðir til að hlusta á börnin sem segja frá sínu sjónarmiði.

Mikilvægi þess að börn fái að hafa áhrif á umhverfi sitt er því ljóst. Það hjálpar börnum að efla sjálfstæði sitt og styrkja sjálfsmynd sína. Í samhengi við leikskólastarf á Íslandi má líkja gildi ofangreindrar niðurstöðu við lítinn stein á vogarskál. Þessar niðurstöður hafa litið dagsins ljós áður og ekki um nýjan hlut að ræða. Þetta styrkir þó það sem áður hefur verið sagt um mikilvægi lýðræðislegra vinnubragða í leikskólum og litli steinninn mun nýtast við að varða þessa leið í þróun leikskólastarfs. Í samhengi lokaverkefnisins er niðurstaðan mikilvæg, því upphaflegt markmið var að útbúa leiðbeiningar byggðar á fræðilegum grunni er auðvelda leikskólakennurum að beina börnum í átt að lýðræðislegri hugsun. Í stýrðu umhverfi, líkt og leikskólinn er, má finna margar leiðir til að ná þessu marki. Með staðfestingu á mikilvægi lýðræðislegra vinnubragða í farteskinu, er hægt að útbúa leiðbeiningar sem eru byggðar á raunhæfum aðstæðum, til að ná fram ofangreindum markmiðum. Þessar leiðir koma fram í næsta kafla.

## **5. Leiðir til að efla þátttöku leikskólabarna**

Í ritsmíð þessari hefur verið fjallað um lýðræði og sjálfræði leikskólabarna, styrkleika, hæfileika og getu barna sem virkra þátttakenda í leikskólastarfi og lýðræðislegum vinnubrögðum. Í þessum kafla eru gefnar leiðbeiningarnar fyrir afmörkuð svið í leikskólastarfinu gefnar, þar sem tækifæri eru til að efla lýðræðisþekkingu barna.

Eigi börn að geta haft áhrif á umhverfi sitt þarf að kenna þeim lýðræðisleg vinnubrögð. Nauðsynlegt er að börnin virði sjónarmið annarra og er það hlutverk kennarans að koma þeim

skilaboðum til barnanna svo þau tileinki sér slíka framkomu, einnig þarf starfsfólk leikskóla að hafa vel í huga hvernig leiðbeina má barni til að þróa með sér lýðræðislega hugsun. Nauðsynlegt er að okkar mati að börnin taki þátt í að móta leiðir að takmarki sem þessu, þar sem virk þátttaka barna er mikilvæg svo þau eflist og verði sterkir og sjálfstæðir einstaklingar í samfélaginu. Hlustun er einnig veigamikil hlutverk og að virðing sé borin fyrir athugasemdum barnanna, þar sem það vill oft gleymast í leikskólum. Mörgum leiðum er hægt að beita til þess að ná fram sjónarmiðum barna, eins og að taka viðtöl við þau, gefa þeim tækifæri til að taka ljósmyndir af því sem vekur áhuga þeirra, teikningar geta líka sýnt fram á hvað þeim þykir merkilegt. Hægt er að kenna lýðræðisleg vinnubrögð í leikskóla með skipulagi, mati á starfi leikskólans og eflingu sjálfsákvörðunarréttar barna í vali á verkefnum (Lög um leikskóla nr. 90/2008).

Í flestum leikskólum eru ákveðin svið í námi barnanna. Öll námsviðin tengjast hinu daglega starfi og eiga að ýta undir að börnin verði hæf í samfélaginu. Færni í samskiptum og umgengni við önnur börn er einnig mjög mikilvægt til þess að barnið nái að hafa áhrif á umhverfi sitt. Þá er ekki síður mikilvægt hvernig uppalendur koma fram við börnin og veita þeim athygli, þar sem fullorðnir í nánasta umhverfi barns eru þess helsta fyrirmynd. Starfsfólk þarf að vera meðvitað um það hvernig hægt sé að leiðbeina barni til að það geti þróað með sér lýðræðislega hugsun. Hér á eftir verða gefnar nokkrar hugmyndir um það hvernig leikskólakennarar geta eflt sjálfstæði og möguleika leikskólabarna til áhrifa, tengt helstu námsviðum leikskólans.

## **5.1 Samskipti við börn**

Hvernig er framkoma starfsfólks við leikskólabarnið þar sem tryggja þarf að börn hafi góðar fyrirmyndir og að þau geti tileinkað sér góð og jákvæð samskipti.

Markmið með góðum samskiptum við börn er að styrkja sjálfsmynd, sjálfsöryggi, að þau læri að setja sig í spor annarra og þau beri virðingu fyrir hverju öðru. Að börnin fái þjálfun í að leysa ágreining á eigin spýtur. Með því að við hlustum með áhuga á börnin finna þau fyrir lýðræðinu hjá sjálfu sér og finna að það sé tekið mark á þeim (Aðalnámskrá leikskóla, 1999, bls. 9-10). Börn þurfa ekki að vera sammála öllum í kring um sig, þau geta haft sjálfstæðar skoðanir á hinum ýmsu málefnum.

Hér koma nokkrar ábendingar um hvernig ætti að koma fram og vera virkur hlustandi og virða tilfinningar og álit barnanna:

- Sýndu að þú hlustir á barnið.
- Snúðu þér að barninu og hættu að gera það sem þú varst að gera.



- Vertu í augnhæð barnsins og myndaðu augnsamband.
- Kinkaðu kolli og svaraðu barninu með áhuga.
- Hlusta með athygli og án þess að dæma.

## 5.2 Leikur

Leikur er eitt það skemmtilegasta sem börn vita um. Það er nauðsynlegt að börn fái að vera í sjálfsprottum leik en hann eykur sjálfstæði barna þar sem þau þurfa að taka eigin ákvarðanir og leysa sjálf úr vandamálum, það eru engar tilteknar reglur í leik þeirra nema þær sem þau hafa búið til sjálf. Börn fá útrás fyrir tilfinningar sínar í leiknum. Leikurinn er góð leið til að efla þátttöku barna og þar geta þau verið þátttakendur án utanaðkomandi áhrifa. Í leik lærist samvinna og að setja sig í spor annarra. Hvernig leikurinn þróast er oft í samráði við leikfélaga (Aðalnámskrá leikskóla, 1999, bls. 11).

En þó að börn þurfi á frjálsum leik að halda þarf leikskólakennarinn að hafa auga með leiknum. Ef kennarinn er til staðar er hann tilbúinn að svara spurningum sem geta vaknað og börnin dvelja lengur við leik ef hann er viðstaddur. Tilvalið er að nýta leikinn til skráningar á barni hvort sem það er eitt eða í hóp.

Leiðir:

- Leyfa börnunum að hjálpa til með val á efniviði í leik.
- Hafa fjölbreytilegan efnivið og að börnin fái sjálf að ákvarða hvaða leiki, leikfélaga og rými þau vilja hafa.
- Nauðsynlegt er ef börnin eru í skemmtilegum leik að þau fái að halda áfram þar til leiknum er lokið.

## 5.3 Matartímar

Í matartíma gefst gott tækifæri til skemmtilegra umræðna á milli kennara og barna. Þarna gefst tilefni til að ræða um allt á milli himins og jarðar. Börnin læra góða borðsiði og efla sjálfstæði.

Leiðir:

- Börnin skiptast á að leggja á borð og sækja matinn inn í eldhús.
- Þau skammta sjálf á sína diska og hella í glösin.
- Þau fá bæði hníf og gaffal til notkunar og svo er hægt að aðstoða þau eftir þroska og getu.
- Hvert barn gengur sjálft frá sínum disk og glasi og svo skipts á að þurrka af borði og sópa gólf við matarborðið.

- Leyfa börnunum að hjálpa til við matseðil vikunnar.
- Hægt er að gera könnun meðal barnanna hvað þeim finnst gott eða vont að borða og verða við niðurstöðu könnunar með því að taka út þann mat af matseðli sem varð síður fyrir valinu hjá börnunum.
- Vera með samræður sem byggist á opnum spurningum.

## 5.4 Útivera

Í útiveru hreyfa börnin sig mikið og er nauðsynlegur þáttur í uppeldi barns. Útivera styrkir börnin og gefur mörg tækifæri til náms um náttúruna. Börnin leika sér í frjálsum sjálfsprottnum leik og hafa gott rými til að athafna sig og í útiveru er hægt að skapa margt úr efniviði sem finnst utandyra. Í vettvangsferðum með börnum kynnast þau menningu síns nánasta samfélags og umhverfis, tengjast því mun betur. Allt þetta víkkar sjóndeildarhring þeirra.

Með því að styrkja grenndarvitund barna er verið að efla þekkingu og skilning þeirra á ýmsum hugtökum sem leynast í umhverfinu. Einnig styrkist sjálfsmynd barnanna með betri þekkingu á umhverfi þeirra (Bragi Guðmundsson, 2000, bls. 35-37).

Leiðir:

- Gefa þarf val um hvort börnin fari út fyrir eða eftir hádegið eða bæði. Með því að gefa barni kost á að velja er verið að efla dómgreind þess á eigin velferð (Funaborg, 2002, bls. 4).
- Hafi börnin ekki áhuga á að fara út er gott að spyrja þau út í ástæður fyrir því að vilja ekki fara í útiveru, hvetja börnin að fara út og koma á móts við þau með því að bjóða þeim að fara út í styttri tíma.
- Fara með börnin í vettvangsferðir og geta þær ferðir jafnvel tengst því námsefni sem er verið að vinna í hverju sinni. Vettvangsferð getur verið fólgin í því að fara út í náttúruna eða heimsókn í ýmis fyrirtæki. Hægt er að fara í vettvangsferðir ýmist með litla eða stóra hópa.

## 5.5 Hreinlæti

Hreinlæti á að vera sjálfsagður hlutur í lífi barna. Börnin læra sjálfstæði við hreinlæti. Leggja þarf áherslu á þvott eftir salernisferðir. Einnig eru yngri börn leikskólans að venjast salernisferðum og að læra að vera án bleiu og þarf því að huga að því að það ferli gangi vel fyrir sig og að barnið fái þá tilfinningu að það geti sagt til um hvenær það þarf að fara á klósettið. Barnið þarf að læra að taka ábyrgð á eigin hreinlæti.

Leiðir:

- Kenna börnunum að handþvottur er nauðsynlegur eftir klósettferðir og matmálstíma og að börnin fái upplýsingar um af hverju það er mikilvægt.
- Börnin eiga sjálf að ráða hvort þau fari á salernið, þau öðlast ekki sjálfstæði ef þeim er sagt hvenær þau eigi að pissa.

## 5.6 Frágangur

Að læra að ganga frá eftir sig er nauðsynlegt í uppeldi og menntun barna. Gera þarf börnum grein fyrir því hversu mikilvægt er að þau gangi vel um leikskólann sinn og að bera þurfi virðingu fyrir leikskólanum og þeim efniviði sem þar er. Það eykur sjálfstæði barna að þau fái hlutverk í að gera leikskólann okkar snyrtilegan svo öllum líði sem best.

Leiðir:

- Leikföng og annar efniviður þarf að vera aðgengilegur börnunum.
- Frágangur þarf að vera auðveldur fyrir börnin.
- Börnin geti aðstoðað við að finna sem bestan stað fyrir efniviðinn.

## 5.7 Fataklefinn

Í fataklefanum fer fram mikilvægt nám og þarf að leggja áherslu á að börn þjálfist í að sýna sjálfstæði við að klæða sig. Hvetja þarf börnin áfram í sjálfstæði, samskiptum og samvinnu.

Leiðir:

- Hafa fá börn í einu í fataklefanum svo ekki skapist hávaði og troðningur, svo hvert barn fái tíma til að athafna sig.
- Samtal á milli kennara og barna skapast auðveldlega í fataklefanum og þar eru ýmis námstækifæri sem vert er að grípa og þarf því að huga að því að þessi tækifæri tynist ekki í önnum dagsins. Vera með samræður sem byggist á opnum spurningum.

## 5.8 Samvera

Samverustundir eru oftast á leikskólum að minnsta kosti einu sinni á dag. Börnin þjálfast í að fara eftir fyrirmælum í stórum hóp og læra meðal annars að hlusta, tjá sig í hópi, sýna samkennd og fleira.

Leiðir:

- Hafa margvísleg verkefni með tilliti til aldurs og þroska barnahóps.
- Hafa í huga að hópurinn verði ekki of fjölmennur.
- Hvetja barnið til þess að segja frá atburðum.

- Hvetja barnið til að færa rök fyrir máli sínu.
- Leysa úr vandamálum í samkomulagi með börnunum.
- Börnin fá að skiptast á að velja þær bækur sem eru lesnar og þá söngva og leiki sem teknir eru fyrir.
- Sönglög vikunnar er hægt að velja í fimm til sjö barna hópi með kennara og vikuna þar á eftir koma önnur börn að valinu.
- Þau börn sem ekki vilja taka þátt í samverustund ættu að fá að velja um eitthvað annað í staðinn en þó ekki að það trufla samverustund hinna barnanna. Gott væri að annar starfsmaður tæki það að sér að vera með þann hóp sem ekki sýnir áhuga á að vera með í samverunni.

## 5.9 Hópastarf

Í flestum leikskólum landsins er unnið með börnum í smáum hópum, þar sem reynt er að flétta námsviðum leikskólans í hópastarfið. Þau námsvið sem oftast eru í hópastarfi eru til dæmis hreyfing, málörvun, myndsköpun, tónlist, náttúrufræði, menning og samfélag. Börn eru misjöfn eins og þau eru mörg og því þarf að taka tillit til allra í barnahópnum svo allir fái að njóta sín. Nauðsynlegt er að stuðla að samheldni og ábyrgðarkennd barnanna og kenna þeim að vinna í hópum. Í minni hópum nær kennarinn betur til barnanna og hefur þar að auki betri yfirsýn yfir barnahópinn. Einnig verður öryggiskennd barnanna sterkari í litlum hópum og þau ná að tjá sig betur og vinna úr eigin reynslu og setja sig í spor annarra. Í hópastarfi sem þessu þarf lýðræði að vera ráðandi og að börnin hafi áhrif á hvernig starfinu er háttað.

Leiðir:

- Hvert barn komi með sínar hugmyndir að starfinu og hvað þau hafa áhuga á að gera hverju sinni.
- Hvetja til samkenndar.
- Verkefni hæfi öllum börnum með tilliti til þroska og aldurs.
- Hafa fjölbreytni í verkefnavali.

Ef sú staða kemur upp að barn truflar starfsemi hópsins er nauðsynlegt að taka barnið ekki úr hópnum án þess að skýra út hvenær það megi koma aftur inn í hópinn. Tilvalið er að barnið finni sjálft út hvenær það henti, að orsök og afleiðing sé skýrð út fyrir því. Mikilvægt er að barnið fái að bæta hegðunina. Skilningur þarf að vera til staðar hjá kennara að barnið hafi ef til vill ekki áhuga á að vera með í hópastarfinu og því mikilvægt að finna út í sameiningu hvað hægt væri að gera í staðinn svo sjálfstæði barnsins fái að njóta sín.

## 5.10 Lausn ágreinings

Ágreiningur getur myndast á milli barnanna og þau þurfa sjálf að læra að leysa úr honum. Að takast á við það verkefni er visst nám fyrir sig. Þau þurfa að gera sér grein fyrir orsök og afleiðingu ágreinings.

Leiðir:

- Koma í veg fyrir líkamlegt sem og andlegt ofbeldi á milli barnanna.
- Virða tilfinningar og skoðanir barnanna.
- Ræða við börnin um ágreininginn og hjálpa þeim að tjá tilfinningar sínar og greiða úr vandamálinu.
- Gefa þeim svigrúm og hvatningu til að koma með eigin lausnir en benda á nokkrar lausnir ef engar hugmyndir kvikna hjá börnunum.
- Finna lausn í sameiningu sem öll/bæði börnin samþykkja og koma börnunum í skilning um hversu mikilvægt er að komast að samkomulagi.
- Fylgja lausninni eftir, svo börnin skilji gildi hennar.

## 5.11 Tillögur að hópleikjum

Í hópleikjum læra börnin að leika sér og starfa í hópum. Barnið fær betri skilning á samvinnu og öðlast betri skilning á samkennd og ábyrgð. Einnig getur vinátta skapast og félagslegur þroski þeirra styrkist. Barnið finnur að það hefur visst hlutverk og tilheyrir hóp. Börnin geta valið leiki í sameiningu með því að skiptast á að draga um það.

Leikirnir sem hér verða nefndir eru miserfiðir og hægt að útfæra eftir þroska og getu hvers barns.

### Nafnaleikurinn

Verkefni um réttlæti.

Markmið: Þegar börnin sitja saman fá þau athygli annarra og læra að veita öðrum athygli.

Lykilatriði:

- Við eigum öll rétt á því að heita einhverju nafni og allir njóta góðs af sanngirni.

Efniviður:

- Bolti og koddí.

Útfærsla:

- Börnin sitja í hring á gólfinu.
- Einn í hópnum kastar bolta til annars í hringnum og nefnir um leið nafn þess sem tekur við.

- Ef nafnið er rétt verður hinn síðarnefndi næsti „kastari“ og kastar til einhvers annars og nefnir nafn hans/hennar um leið.
- Ef nafn er rangt leiðréttir barnið sem fékk boltann nafnið og kastar til baka.

Virkið börn sem annars yrðu útundan á þann hátt að þegar að kennaranum kemur, kasti hann til einhvers þeirra.

Spyrjið eftirfarandi spurninga þegar allir hafa tekið þátt og kastað nóg:

- Höfðu allir sömu tækifæri til að verða kastarar?
- Hvernig hefði ykkur fundist að verða aldrei kastari?
- Hvað getum við gert til að vera viss um að leikurinn verði sanngjarn í garð allra, næst þegar við förum í hann?
- Munið þið einhver atvik þar sem ykkur var sýnd ósanngirni?
- Hvernig getum við komið í veg fyrir ósanngirni?

Ef öll börnin á deildinni þekkjast með nafni má gera leikinn erfiðari, t.d með því að sá/sú sem kastar fyrst byrji setningu um leið og kastað er og í framhaldinu á hver „kastari“ svo að bæta við einu orði (Fyrstu skrefin, 2003, bls.80).

### **Tilfinningar**

Markmið:

Þessi hraði leikur leysir úr læðingi jákvæðar tilfinningar gagnvart því að vera saman í hóp.

Lykilatriði:

- Vertu við aðra eins og þú vilt að aðrir séu við þig“ (Með því að virða réttindi annarra ertu þeim hvatning til að virða þín réttindi).

Útfærsla:

- Segið börnunum að ganga í hring í stofunni.
- Látið börnin síðan setjast þannig að þau snúa andlitinu að baki þess sem er næst fyrir framan í hringnum.
- Biðjið börnin að ímynda sér að uppáhaldsleit þeirra hafi verið hellt yfir axlir þess sem situr fyrir framan.
- Sýnið börnunum hvernig hægt er á einfaldan hátt að nudda axlirnar varlega. Börnin fá nokkrar mínútur til að nudda axlir þeirra sem sitja fyrir framan.
- Allir snúa sér við og nudda nú axlir þeirra sem áður nudduðu þá.

Spyrjið eftirfarandi spurninga:

- Hvernig fannst ykkur að fá nudd?
- Hvernig tilfinning var það að nudda einhvern annan?

- Einhver hefur nuddað óþægilega eða harkalega axlir þess sem er fyrir framan. Hver verða viðbrögðin þegar viðkomandi snýr sér við og á að nudda þann sem áður var harkalegur eða óþægilegur?
- Hvers vegna bregst hann/hún svona við?

Valkostir:

- Hvað myndi gerast ef allir gerðu það sem þeim sýndist?
- Mynduð þið vilja lifa í heimi sem væri þannig?

(Fyrstu skrefin, 2003, bls. 67).

### **Tréstaðurinn sem talar**

Markmið:

Verkefnið hjálpar börnunum að þróa með sér hæfileikann til að hlusta og taka til máls í hópi með öðrum.

Lykilatriði:

Börn eiga rétt á að koma á framfæri álitinu sínu og að tjá eigin skoðanir.

Hjálpargögn:

Stafur eða prik af einhverju tagi en ekki of stórt eða oft gróft.

Útfærsla:

- Útskýrið fyrir börnunum þá aðferð sem frumbyggjar Norður-Ameríku, indíánarnir, notuðu til að hlusta hver á annan þannig að allir fengju tækifæri til að tala. Þeir notuðu talandi tréstaðinn. Sá sem hverju sinni var með tréstaðinn hafði orðið og það hlutverk að flytja tölu en hinir höfðu það hlutverk að hlusta.
- Allir sitja í hring og tréstaðurinn er látinn ganga frá einum til annars. Hver sá sem ekki vill segja neitt lætur stafrinn ganga til næsta manns.
- Nota má talandi stafrinn á ýmsan hátt, til dæmis til að segja fréttir eða láta í ljós álit á einhverju. Þetta er góð leið til að fá feimin börn til að treysta sér til að tala og að fá frókk börn til að virða rétt annarra barna.

Góð aðferð til að hefja leikinn er að kennarinn taki stafrinn og segi til dæmis eitthvað sem honum geðjast að og láti stafrinn síðan ganga til þess sem næst situr. Þetta er auðveld leið til að sýna börnunum hvernig nota skal tréstaðinn.

- Ekki þvinga börnin til að tala ef þau kjósa að gera það ekki.

Spyrjið í lokin eftirfarandi spurninga:

- Hvernig fannst ykkur að tala og að hlusta á aðra tala?
- Uppgötvuðuð þið eitthvað nýtt eða eitthvað sem kom á óvart?

- Líkar ykkur þegar gripið er fram í meðan þið eruð að tala?
- Hver er kosturinn við að leyfa öðrum að tala án þess að grípa fram í?

Valkostir:

- Árekstrar eða aðrar uppákomur sem eiga sér stað eru ágætt tilefni til að beita þessari aðferð til að fá fram álit barnanna á því hvað hægt er að gera til að leysa hin ýmsu mál (Fyrstu skrefin, 2003, bls. 68).

### **Sirkusstjórinn**

Markmið: Æfing í að koma fram, leika fyrir áhorfendur, samvinna og bera virðingu fyrir hvort öðru.

Fjöldi þátttakenda: 5 eða fleiri í hóp.

Útfærsla:

- Eitt barnið er sirkusstjórinn.
- Hver og einn þátttakandi undirbýr sirkusatriði (geta verið saman í atriði). Atriðið þarf ekki að vera stórt, til dæmis er hægt að standa á einum fæti eða að hoppa jafnfætis.
- Aðaláherslan er á að gera atriðið áhugavert, annað hvort að leika að það sé mjög erfitt eða að það sé fyndið og þarf hópurinn að vinna með þeim sem er að gera atriðið. Hópurinn getur til dæmis búið til trommuhljóð eða hlegið þegar við á.

### **Puttalingurinn**

Markmið: Skoða tilfinningar hvors annars.

Fjöldi þátttakenda: Lágmark 8.

Efniviður: Fjórir stólar.

Útfærsla:

- Fjórum stólum er raðað upp eins og í bíl. Þrír setjast í bílinn og leggja af stað í ferðalag (ákveðinn áfangastaður), hinir stilla sér upp í röð.
- Þegar bíllinn er kominn eitthvað áleiðis þá kemur fyrsti puttalingurinn. Hann ákveður einhverja ákveðna tilfinningu til dæmis að vera leiður, grátandi, hlægjandi. Hann spyr þau sem eru í bílnum með sinni tilfinningu: „Get ég fengið far?“ Þau samþykkja það.
- Puttalingurinn sest í aftursætið vinstra megin. Um leið og þau aka af stað, leika allir sömu tilfinningu og þá sem puttalingurinn kom með. Þau leggja af stað og keyra í smá tíma, þar til nýr puttalingur kemur með nýja tilfinningu. Þá færa börnin sig um set öfugan sólarhring. Bílstjórinn stendur upp og fer aftast í puttalingaröðina.



## Sérfræðingurinn

Markmið: Aðferð til að komast að því hvað börnin vita um ákveðna hluti, gott að tengja við þemavinnu og skrá hjá sér vitneskju barnanna.

Fjöldi þátttakenda: Tveir og tveir saman.

Efniviður: Blöð til að skrá niður, blýantar, upptökutæki.

Útfærsla:

- Tveir fara upp á svið. Annar er að taka viðtal við hinn sem er sérfræðingur í einhverju fyrirfram ákveðnu.
- Á einhverjum tímamarki er hlutverkum snúið við, spyrjandinn verður að sérfræðingnum og öfugt. Geta til dæmis verið sérfræðingar í bílum, hestum, músum, blómum eða rusli.

## Lokaorð og umræða

Meginmarkmið verkefnisins var að útbúa leiðbeiningar er nýst gætu leikskólakennurum við að efla sjálfstæði og lýðræðisvitund leikskólabarna. Áður en hægt var að útbúa þessar leiðbeiningar, þurfti að undirbúa jarðveginn og efla þekkingu höfunda á efninu. Því eru fyrstu þrjú kaflarnir nýttir til að leggja fræðilegan grunn fyrir þær leiðbeiningar sem síðan eru gefnar. Fjallað var um viðhorf til barna fyrr og nú, en órægt er frá frumhugmyndum um bernskuna til þess hvernig lítið er á nútímabörn sem virka og sterka einstaklinga sem rétt hafa á því að móta og hafa áhrif á umhverfi sitt. Þróun leikskólastarfs á Íslandi var skoðuð og þá sérstaklega áhrif Reggio Emilia. Þar er einnig skoðuð hugtakið lýðræði og tenging þess við leikskólastarfið ásamt skyldu hugtaki, sjálfræði og þátt þess í þróun sjálfstæðis leikskólabarnsins. Eitt af meginhlutverkum leikskólakennara er að efla lýðræðislega þátttöku barna. Um það er fjallað ásamt því að greint er frá helstu rannsóknum og aðferðum sem nýttar hafa verið til að auka möguleika leikskólabarna til að hafa áhrif. Í því samhengi er mósáik nálguninni gefin sérstakur gaumur ásamt uppeldislegum skráningum.

Megin niðurstaða fræðilega hluta verkefnisins er sú, að sýnt hefur verið fram á mikilvægi þess að börn fái að hafa áhrif á umhverfi sitt. Er það í takt við hugmyndir höfunda, sem telja að efling lýðræðisvitundar hjá börnum sé lykilatriði og því tilvalið að byrja þá vinnu strax í leikskóla. Best er að lýðræðisleg vinnubrögð séu samofin öllu starfi leikskólans og að starfsfólkið tileinki sér þau markmið að efla börnin í lýðræðislegri þátttöku. Viðurkennt er að hvert barn er sérstakt á sinn hátt og er það hlutverk leikskólakennarans að sinna þörfum þess, vege og meta styrkleika og veikleika barnsins og finna verkefni og leiðir sem hæfa hverju

barni til að nálgast ofangreind markmið. Með þessi markmið skilgreind, voru útbúnar leiðbeiningar, sem birtast í fimmta kafla.

Síðasta kaflann má kalla afurð verkefnisins. Þar nýta höfundar fengna vitneskju og reynslu úr starfi til að útbúa hagnýtar leiðbeiningar, sem sniðnar eru að starfi dæmigerðs leikskóla. Leiðbeiningarnar eru gefnar fyrir afmörkuð svið í leikskólastarfi þar sem tækifæri gefst til að efla lýðræðisþekkingu barna. Þessi svið leikskólastarfsins eru valin þar sem þau eru sameiginleg flestum leikskólum Íslands. Sérstaklega er hugað að framkomu fullorðinna við börn, sem höfundar telja lykilatriði. Með það að sjónarmiði eru fyrstu undirkaflar leiðbeininga tileinkaðar samskiptum leikskólakennara og barna. Að auki eru gefnar hugmyndir að leikjum sem höfundar telja að henti vel til að efla lýðræðisþátttöku og sjálfsvitund barna.

Lokakafla verkefnisins er frábrugðinn fyrsta hlutanum að því leyti að í fyrri hluta er byggt á hugmyndum og kenningum fræðimanna fyrr og nú, en í leiðbeiningakaflanum er um hugsmíði höfunda að ræða og því minna um tilvísanir í heimildir. Eðli málsins samkvæmt er ekki um eiginlega niðurstöðu að ræða úr þessum kafla, aðra en innihald leiðbeininganna, sem má telja afrakstur menntunar, áhugasviðs og reynslu höfunda.

Sé litið til upphaflegra markmiða verkefnisins, má segja að þeim sé flestum náð. Þekking á sviðinu er stórlega aukin og útbúnar voru leiðbeiningar sem höfundar og aðrir leikskólakennarar geta nýtt sér í starfi, til að efla virka og sterka einstaklinga sem hafa mótandi áhrif á umhverfi sitt og hafa óafvitandi kynnst grunnstoðum lýðræðis. Það er í takt við skilgreint hlutverk leikskólakennarans.

Við vinnslu þessarar lokaritgerðar og í heimildaöflun úr lesefni sem tengist lýðræði barna, hefur áhugi höfunda beinst enn frekar að því að efla þátttöku barna til að hafa áhrif á leikskólaumhverfi sitt og gera börnin að sterkari einstaklingum sem síðar munu efla samfélagið enn frekar.

Spyrja má hvaða gildi þetta verkefni hafi fyrir leikskóla? Mat höfunda er að efling á lýðræðislegri þátttöku barna eigi við í öllum leikskólum. Enn fremur að börn með sterka sjálfsmynd, sem eru virk og virt í samskiptum, séu tákni um gott og metnaðarfullt starf.

## Heimildaskrá

- Aðalnámskrá leikskóla.* (1999). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Anna Magnea Hreinsdóttir. (2008). „Af því við erum börn“. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi* (bls. 49–71). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna (RannUng).
- Anna Magnea Hreinsdóttir. (2009). *Af því að við erum börn: Lýðræðislegt umræðumat á menntun barna og þjónustu fjögurra íslenskra leikskóla*. Birt doktorsritgerð: Háskóli Íslands.
- Bae, B. (1984). „*Skal jeg si deg hva jeg gjorde i morgen!*“ Om det interessante i det alminnelige. (Rapport fra en studiepermisjon). Oslo: Barnevernsakademiet.
- Barnasáttmáli Sameinuðu Þjóðanna. (e.d). *Um Barnasáttmálann*. Sótt 10.febrúar af <http://www.barnasattmali.is/nam/barnasattmalinn/umbarnasattmalann.html>.
- Bragi Guðmundsson. (2000). Grenndarfræði. Í Bragi Guðmundsson (ritstj.), *Líf í Eyjafirði* (bls. 17-58). Akureyri: Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri.
- Clark, A. og Moss, P. (2001). *Listening to young children: the mosaic approach*. Norwich, Norfolk: Page Bros.
- Clark, A. (2005). Beyond listening: Children's perspectives on early childhood services. Í A. Clark, A. T. Kjörholt og P. Moss (Ritsjórar), *Ways of seeing: using the Mosaic approach to listen to young children's perspectives*. (bls. 51–70). Bristol: The Policy Press.
- Funaborg. (2002). *Skólanámskrá*. Sótt 19. apríl 2011 af <http://www.funaborg.is/images/stories/Skjol/Namsskra/namskra.pdf>.
- Fyrstu skrefin: Handbók um mannréttindafræðslu.* (2003). Reykjavík: Íslandsdeild Amnesty International.
- Dahlberg, G., Moss, P. og Pence, A. (2007). *Beyond quality in early childhood education and care: languages of evaluation*. London og New York: Routledge.
- Dewey, J. (2000). *Hugsun og menntun*. (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Félag leikskólakennara. (2011). *Leikskólastefna FL*. Sótt 25.mars 2011 af <http://fl.ki.is/pages/874>.
- Guðrún Alda Harðardóttir. (2011). *Loris Malaguzzi*. Sótt 19.apríl 2011 af [http://www.sare.is/hugmynd/loris\\_malaguzzi/](http://www.sare.is/hugmynd/loris_malaguzzi/).
- Hagstofa Íslands. (e.d). Sótt 1.mars 2011 af <http://www.hagstofa.is/?PageID=95&NewsID=4530>.
- Halla Jónsdóttir. (2010). Lýðræði og samræða. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *John Dewey í hugsun og verki: menntun, reynsla og lýðræði* (bls. 131-143). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hart, R. (2002). Containing children: some lessons on planning for play from New York City. *Environment & Urbanization*, 14(2), 135–148.

- Juul, J. (1996). *Ditt kompetente barn: På vei mot et nytt verdigrunnlag for familien*. Oslo: Pedagogisk Forum.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2005a). „*Mér finnst það bara svo skemmtilegt*“: *Þróunarverkefni í leikskólanum Hofi um þátttöku barna í mati á leikskólastarfi*. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2005b). Nýjar áherslur í leikskólastarfi: Kalla þær á breytingar á leikskólakennaramenntuninni? Í Grétar L. Marinósson, Þórunn Blöndal og Þuríður Jóhannsdóttir (ritstjórar), *Nám í nýju samhengi* (bls. 11-24). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2006). Rannsóknir með börnum. Aðferðir – áskoranir – álitamál. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VII* (bls. 765–778). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2008). Viðhorf til barna og áhrif á leikskólastarf. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi* (bls. 17–29). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna (RannUng).
- Jóhanna Einarsdóttir og Kristín Karlsdóttir. (2005). Hvernig tala leikskólastjórar um leikskólann? Í Ragnar F. Ólafsson (ritstjóri), *Tímarit um menntarannsóknir*, 2, 53-67. Reykjavík: Félag um menntarannsóknir.
- Kjörholt, A.T. (2010). *Barn som samfunnsborgere: til barnets beste ?* Oslo: Universitetsforlaget.
- Kristín Dýrfjörð. (2006). Lýðræði í leikskólum – Um viðhorf leikskólakennara. Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Sótt 20.mars 2011 af <http://netla.khi.is/greinar/2006/009/index.htm>.
- Kristín Dýrfjörð. (e.d.). *Tveir meginstraumar leikskólauppeldis af sjónarhóli lýðræðis*. Sótt 20.mars 2011 af [http://roggur.blog.is/users/16/roggur/files/c\\_documents\\_and\\_settings\\_dyr\\_my\\_documents\\_fyrirlestrar\\_tengdir\\_ha\\_tveir\\_meginstraumar\\_leikskolauppeldis.pdf](http://roggur.blog.is/users/16/roggur/files/c_documents_and_settings_dyr_my_documents_fyrirlestrar_tengdir_ha_tveir_meginstraumar_leikskolauppeldis.pdf).
- Kristín Dýrfjörð. (2011). *Reggio Emilia og Ísland*. Sótt 20. apríl 2011 af [http://www.sare.is/about/um\\_sare/](http://www.sare.is/about/um_sare/).
- Lind, G. (1999). Sótt 21.mars 2011 af [http://www.uni-konstanz.de/FuF/SozWiss/fg-psy/ag-moral/pdf/Lind-2000\\_Selfsustaining-moral-development.pdf](http://www.uni-konstanz.de/FuF/SozWiss/fg-psy/ag-moral/pdf/Lind-2000_Selfsustaining-moral-development.pdf).
- Lög um leikskóla nr.90/2008.
- Mac Naughton, G. og Williams, G. (2009). *Teaching Young Children: Choices in theory and practice*. Berkshire: Open University Press.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2010, 14.júlí). *Aðalnámskrá leikskóla – drög*. Reykjavík: Höfundur. Sótt 15.mars 2011 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/drog-ad-nyjum-namskram/leikskolar--namskrardrog/>.
- Mills, R. (2000). Perspectives of childhood. Í J.Mills og R.Mills (ritstjórar), *Childhood studies: A reader in perspectives of childhood* (bls. 7–38). New York: Routledge.

- Montgomery, H. (2009). *An introduction to childhood: Anthropological perspectives on children lives*. Oxford: Wiley-Blackwell.
- Ólafur Páll Jónsson. (2010). Hugsun, reynsla og lýðræði. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *John Dewey í hugsun og verki:menntun, reynsla og lýðræði* (bls. 13-41). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Piaget, J. (1977). *The Moral Judgement of the Child*. New York: Penguin Books.
- Pramling-Samuelsson, I. og Sheridan, S. (2001). Children's conceptions of participation and influence in pre-school: A perspective on Pedagogical Quality. *Contemporary Issues in Early childhood*, 2(2), 169–194.
- Rinaldi, C. (2005). Beyond listening: Children's perspectives on early childhood services. Í A. Clark, A. T. Kjörholt og P. Moss (ritstjórar), *Documentation and assessment: what is the relationship?* (bls.17–28). Bristol: The Policy Press.
- Sesselja Hauksdóttir. (2001). „É sjáll“ *Sjálfræði barna í leikskólum*. – Óútgefið M.Ed.-Meistaraprófsverkefni við Kennaraháskóla Íslands.
- Shaffer, D. R. (2002). *Developmental Psychology Childhood and Adolescence*. Belmont: Wadsworth/ Thomson Learning.
- Valborg Sigurðardóttir. (1998). *Fósturskóli Íslands: Afmælisrit í tilefni af 50 ára afmæli skólans 1996*. Reykjavík: Gott mál.